

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til sýslumannsins í 39
 Norður-Múlasýslu, um flutning þingstaðar. 22. júní

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í bréfi, dags. 25. maí þ. á., og beiðni hreppsnefndarinnar í Fellshreppi í Norður-Múlasýslu veitir ráðuneytið hér með samþykki sitt til þess, að þingstaður Fellahrepps verði fluttur frá Birnufelli í fundahús hreppsins að Rauðalæk, enda annist hreppsnefndin um, að jafnan verði til á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður hér með til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til sýslumannsins í 40
 Rangárvallasýslu, um flutning þingstaðar. 23. júní

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í bréfi, dags. 16. þ. m., og beiðni hreppsnefndarinnar í Austur-Eyjafjallahreppi í Rangárvallasýslu veitir ráðuneytið hér með samþykki sitt til þess, að þingstaður Austur-Eyjafjallahrepps verði fluttur frá Rauðafelli að Hrútafelli, enda annist hreppsnefndin um, að jafnan verði til að hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður hér með til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 70, 15. maí 1935, um gerð og búnað 41
 almenningsbifreiða. 24. júní

1. gr.

Í staðinn fyrir orðið „rúðum“ í 2. lið 1. málsgreinar 2. gr. reglugerðarinnar komi: sem flestar hliðarrúður.

Orðin „en ella aftarlega í hægri hlið“ í 2. málsgrein 2. gr. reglugerðarinnar falli burt.

2. gr.

5. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Í hverri bifreið skal vera slökkvitæki af þeirri gerð og stærð, er bifreiðaeftirlitið ákveður, og skal slökkvitækinu komið fyrir á þeim stað í vagninum, sem bifreiðaeftirlitið leggur fyrir og þar sem bifreiðarstjóri nær greiðlega til tækisins.

41 Í farþegabyrginu, þar sem bifreiðæftirlitið ákveður, skal fest upp öxi í
24. júní slíðrum, sem fljótt má gripa til, hentug til að höggva gat á byrgið eða brjóta
rúðurnar, ef slys vill til. Öxin og slíðrin skulu vera af þeirri gerð, sem bifreiða-
eftirlitið ákveður.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 62, 28. janúar 1935, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 24. júní 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Páll Pálmason.

42
8. júlí

AUGLÝSING

um staðfesting heilbrigðismálaráðuneytisins á heilbrigðissamþykkt
fyrir Ólafsfjarðarhrepp í Eyjafjarðarsýslu.

Samkvæmt lögum nr. 64, 10. nóv. 1905, um heilbrigðissamþykktir fyrir bæjar- og sveitarfélög er hér með staðfest eftirfarandi heilbrigðissamþykkt fyrir Ólafsfjarðarhrepp, sem sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu hefir samþykkt eftir tillögum hreppsnefndar:

HEILBRIGÐISSAMÞYKKT

fyrir Ólafsfjarðarhrepp.

1. gr.

Heilbrigðissamþykkt þessi gildir fyrir Ólafsfjarðarhrepp, og skal ákvæðum hennar beitt að fullu í Ólafsfjarðarkauptúni, en utan kauptúnsins að svo miklu leyti, sem við verður komið.

2. gr.

Heilbrigðisnefnd skipa lögreglustjóri, og sé hann formaður, héraðslæknir og einn maður, kosinn á almennum hreppsfundi til þriggja ára í senn. Nefndin kys sér ritara og skiptir að öðru leyti með sér störfum.

3. gr.

Formaður kveður nefndina á fund, þegar honum þykir þörf á, eða einhver nefndarmanna óskar þess. Auk þess sér hann um, að fyrirskipunum nefndarinnar sé hlýtt.

Fundur séu haldnir ekki sjaldnar en tvisvar á ári, vor og haust.